



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um skattleysismörk fasteignagjalda

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sem barst þann 7. febrúar sl., um skattleysismörk fasteignagjalda. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fasteignagjöld eru 0,18% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Gjöldin leggjast á verðmæti eigna án tillits til skuldastöðu eigenda. Fólk sem á 20% í íbúðinni sinni greiðir t.a.m. það sama og þau sem eiga sína íbúð skuldlaust. Fasteignagjöld eru þannig skattur á skuldir hinna skuldugu. Fulltrúi sósíalista spyr: Hversu mikið myndi þurfa að hækka skattprósentu fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði, ef sett yrðu inn skattleysismörk upp á 10 m.kr., 15 m.kr. og 20 m.kr. hreina eign hvers einstaklings? Hvað myndi skattprósentan þurfa að hækka mikið miðað við þessi ólíku mörk, til að tryggja að tekjur borgarinnar yrðu ekki skertar?“

Fasteignaskattur er ákvarðaður með lögum en í 1. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er kveðið á um að leggja skuli árlega á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati. Stofn til álagningar fasteignaskatts er fasteignamat þeirra skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga en að öðru leyti fer um þá framkvæmd skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Ekki er heimild í lögum til annarrar framkvæmdar um innheimtu fasteignagjalda en að framan greinir og verður henni ekki breytt nema með frekari lagasetningu þar um. Þá hefur fjármála- og áhættustýringarsvið ekki upplýsingar né aðgang að hreinni eign aðili í húsnæði.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs